

Nd.

325. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „1. september“ í 3. tölul. 16. gr. laganna kemur: 15. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með að fá breytt ákvæði 3. liðar 16. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, þannig, að veiðitími fyrir göngusilung verði lengdur frá 1. til 15. september, er að leiðrétta ósanngjarnt ákvæði, sem erfitt er að framfylgja. Skál nú gerð grein fyrir, að hvaða leyti ákvæðið í nefndri lagagrein er ósanngjarnt, og einnig, að þetta ákvæði er í andstöðu við tilgang laga um lax- og silungsveiði.

Göngusilungur gengur í ár hér á landi seinni hluta sumars til að hrygna, og er hann mest veiddur í hrygningargöngunni. Sunnan- og vestanlands gengur mestur hluti göngusilungsstofnanna upp í árnar frá miðjum ágústmánuði til jafnlengdar í september, en norðan- og austanlands nokkru fyrr. Samkvæmt núgildandi lögum er því veiðieigendum fyrirmunað að stunda göngusilungsveiði um helming þess tíma, sem veiði er mest. Er þetta ósanngjarnt ákvæði, þar sem það þarf engu tjóni að valda, heldur er beinlínis æskilegt af ýmsum ástæðum, að veiðitíminn sé lengdur fram í miðjan september. Að visu má gefa undanþágu til að veiða göngusilung lengur en til 1. september samkvæmt lögum, en undanþáguheimildin er ætluð aðeins til að gefa leyfi til framlengingar á göngusilungsveiði þar, sem sérstaklega stendur á, en ekki til að veita svo að segja hverjum veiðieiganda á öllu landinu, eins og þyrfti með vegna núverandi ákvæðis.

Það þykir eðlilegt að binda lok veiðitímans fyrir göngusilung við 15. september. Er þá göngu sjógengins silungs að langmestu leyti lokið og ekki langt til þess tíma, að fyrstu silungar og laxar fari að hrygna. Þann 15. september skal laxveiði einnig lokið árlega, og er sjálfsagt að láta lax- og göngusilungsveiðina enda sama dag, því að við veiðar annarrar tegundarinnar, sem lengur er leyft að veiða, mundu menn veiða af báðum og hirða alla veiðina jafnt án tillits til tegundanna. Sérstaklega er það óheppilegt að leyfa göngusilungsveiði lengur en laxveiði, því að þá mundu menn hyllast til að veiða lax í blóra við leyfi til göngusilungsveiði, en slíkt er óheillavænlegt, þar sem laxinn er mjög viðkvæmur fyrir ofveiði. Þar sem svo hagar til, að veiða megi göngusilung að skaðlausu lengur en til 15. september, kemur heimild til að gefa undanþágur til framlengingar á veiðitímanum að tilætluðum notum.

Saga núverandi ákvæðis um, að veiðitími fyrir göngusilung skuli enda 1. september árlega, er í stuttu máli þessi: Í frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, sem lagt var fram á Alþingi árið 1930, var gert ráð fyrir, að veiðitími fyrir göngusilung endi 15. september árlega, en þá skyldi laxveiði einnig hætt (sjá þingskjal 343, bls. 814 og 815). Frumvarpið var ekki afgreitt á þinginu 1930 og var lagt fram aftur á þinginu 1931 nokkuð aukið, en fékk heldur ekki afgreiðslu þá, og var svo lagt fram í þriðja sinn á þinginu 1932 enn aukið. Í frumvarpinu, sem lagt var fram 1932, var nefnt ákvæði um lok göngusilungsveiði hið sama eins og 1930, og fór það óbreytt í gegnum neðri deild og fram til þriðju umræðu í efri deild, en þá kom fram breytingartillaga við það, þar sem lagt var til, að veiðitíminn fyrir göngusilung, og þá jafnframt fyrir lax, yrði stytur til 15. ágúst árlega, og til vara til 1. september. Vartillagan var samþykkt eftir þriðju umræðu, og hélzt breytingin í meðferð neðri deildar, en þaðan var frumvarpið afgreitt sem lög. Hefur umrætt ákvæði um, að veiðitími fyrir göngusilung endi 1. september haldizt óbreytt fram til þessa dags, þó

að margar breytingar hafi verið gerðar á lögum um lax- og silungsveiði frá 1932, og þar á meðal hafi veiðitími fyrir lax verið lengdur fram til 15. september þegar árið 1936. Hefði verið eðlilegt að lengja veiðitímann fyrir göngusilung um leið og lax-veiðitíminn var lengdur, en í það skiptið sem og endranær hefur göngusilungurinn horfið í skuggann fyrir laxinum.

Tilgangur flutningsmanns með breytingartillögu sinni um að stytta veiðitímann fyrir göngusilung og lax var að stuðla að því, að nefndar fiskteygundir yrðu veiddar nýrunnar úr sjó, því að þá væru þær verðmætastar, og einnig til að gefa lax og göngusilungi næði á hrygningarstöðvunum á haustin. Tilgangur flutningsmanns var virðingarverður, en stytting veiðitímans var að ýmsu leyti óheppileg ráðstöfun, sem vann á móti, að lögin um lax- og göngusilungsveiði næðu tilgangi sínum. Skal nú vikið nánar að því.

Tilgangurinn með lax- og silungsveiðilögum var að skapa aðstöðu til fullrar nýtingar náttúruauðefanna, sem fólgin eru í veiðivötnum landsins, og að jafna hlut veiðieigenda við veiðiárin frá því, sem var, áður en lögin tóku gildi (sjá þingskjal 343 1930, bls. 832). Ráðstöfun sú, sem fólst í umræddri breytingartillögu, sem sé að stytta veiðitímann frá því, sem upprunalega frumvarpið gerði ráð fyrir, miðaði í öfuga átt við að jafna hlut veiðieigenda, enda hefur sú raunin orðið á í framkvæmd ákvæðisins, að sárafáir hafa tekið ákvæðið alvarlega, heldur hafa veitt í september eftir geðþótta. Þar, sem laxveiði er í ám, sem göngusilungur gengur um, hefur verið auðvelt fyrir veiðimenn að halda því fram eftir lengingu laxveiðitímans 1936, að þeir séu að veiða lax eftir 1. september, þó að vitað sé, að veiðin sé að langmestu leyti göngusilungur.

Frá fiskifræðilegu sjónarmiði má finna ýmislegt til foráttu ákvæði um að hætta að veiða fiskstofna á miðjum veiðitímanum, þegar veiði fer fram meðan fiskur er á göngu upp straumvötn, eins og er tilfellið með núverandi ákvæði um göngusilungsveiði. Skal það eitt aðeins nefnt hér, að það hefur spillandi áhrif á fiskstofnana, að veiðin er stunduð af kappi fyrri hluta göngunnar, en síðgengna fiskinum hlíft. Við það skapast ójafnvægi í viðkomu snemmgenginna og síðgenginna fiska, þannig að með tímanum verður tiltölulega meira af síðgengnum fiski, sem að meðaltali er smærri og verðminni en snemmgengni fiskurinn. Ótal dæmi mætti nefna til sönnunar þessu máli, en ekki þykir þörf á að gera það hér.

Því miður er málum svo farið, að lögum um lax- og silungsveiði er ekki sú gaumur gefinn né að þau hljóti þá virðingu, sem þeim ber með þjóðinni. Orsakast þetta af vanþekkingu almennings á lögum og tilgangi þeirra og lélegu eftirliti með þeim. Er bráð nauðsyn á að bæta úr vanköntunum, og er þegar farið að gera ráðstafanir til að kynna almenningsi lögin, og áherzla er lögð á að bæta eftirlitið. En jafnframt því, að nefndar ráðstafanir eru gerðar, þarf að breyta lögum í sanngjarnara og eðlilegra horf en þau eru nú í, jafnóðum og séð verður, hvað má betur fara. Er ofangreind breytingartillaga um lengingu veiðitíma fyrir göngusilung fyrsta sporið í þá átt.